

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína- og alifuglakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, og viðaukum III A og IV A, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verðtoll grunntaxta:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %
Tollskrárn.:	Nautgripkjöt - Vöruliðir 0202 og 0210:		95.000	
202.3xxx	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst - Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað, þurrkað eða reykt:	01.07.09- 30.06.10		114,6
0210.2001	Beinlaust	01.07.09- 30.06.10		114,6
	Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:		64.000	
0203.29xx	Svínakjöt, fryst:	01.07.09- 30.06.10		172,2
Úr tollskrárn.:	Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:			
0210.1200	Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.09- 30.06.10		172,2
Tollskrárn.:				
0210.1901	Reykt - beinlaust	01.07.09- 30.06.10		172,2
Úr tollskrárn.:				
0210.1909	Annars - beinlaust	01.07.09- 30.06.10		172,2
	Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:		59.000	
	Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus:			
0207.1xxx	Af hænsnum, fryst	01.07.09- 30.06.10		149,4
	Af kalkúnnum:			
0207.2xxx	Af kalkúnnum, fryst	01.07.09- 30.06.10		159,0
	Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum:			
0207.3xxx	Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum, fryst	01.07.09- 30.06.10		159,0
Tollskrárn.:	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, fryst		12.000	
0208.9001	Dúfur	01.07.09- 30.06.10		114,6
0208.9002	Fasanar	01.07.09- 30.06.10		114,6
0208.9004	Dádyr	01.07.09- 30.06.10		114,6
Úr tollskrárn.:				
0208.9019	Annars - Lynghænur og strútar, fryst	01.07.09- 30.06.10		114,6

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þar sem vísað er til skilmála reglugerðar þessarar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2010.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 2009.

Jón Bjarnason.

Sigríður Nordmann.